

Því lífið er leikur!



2024-2025



Verið hjartanlega velkomin!

Það er engu líkara en að heillastjarna skíni yfir leikhúsinu okkar. Það á ekki bara við um stjörnuleik ástsælla leikara á sviðinu heldur skín ljósið þegar þið, leikhúsgestir, sitjið í salnum og opnið hjartað. Það gerðuð þið svo sannarlega á síðasta leikári. Streymduð í leikhúsið og hrifust með.

Senn eru liðin 75 ár síðan við eignuðumst Þjóðleikhús. Tímamótin eru okkur áminning um erindi leikhússins og hvatning til að setja markið hátt, rétt eins og frumkvöðlarnir sem stofnuðu leikhúsið gerðu. Við heiðrum fortíðina best með því að hlúa að framtíðinni og vera suðupottur fyrir sögur sem tala til okkar hér og nú, og það ætlum við sannarlega að gera. Afmælinu fögnum við með tveimur spennandi nýjungum í þágu framtíðarinnar, leikhússkóla og leikritahátíð, auk afmælisfagnaðar á Menningarnótt á afmælisárinu 2025, og þá er aldrei að vita nema Lilli klifurmús, Lína Langsokkur og fleiri ástsælar leikpersónur skeri afmælistökuna.

Á nýju leikári verða settar á svið fjölbreyttar sögur sem eiga eftir að hreyfa við okkur á ýmsan hátt. Ungu fólkið kemur eins og stormsveipur inn á Stóra sviðið með nýjan söngleik sem fær hárin til að rísa. Fjörugar barnasýningar bjóða næstu kynslóð velkomna og ögrandi sögur um samtíma okkar, fjölskylduna og mennskuna munu snerta okkur og hrífa. Hlátrasköll berast neðan úr Kjallaranum þar sem kraumar í suðupottinum. Með vorinu efnum við til hátíðar sem tileinkuð er list leikskáldsins – því nýjar sögur eru framtíðin.

Næsta kynslóð leikhússfólks tyllir sér ekki bara í áhorfendasætin heldur fær hún líka tækifæri til að þjálfa sig og efla í nýjum Leikhússkóla Þjóðleikhússins. Þar verða helstu þættir leikhústarfseminnar kynntir fyrir ungu fólki, ekki bara list leikarans heldur öll tannhjólin sem fá töfravélina til að virka.

Við hlökkum til komandi tíma með ykkur þar sem við munum hlæja saman og gleðjast, finna til, þerra tárin, hugsa og heillast. Við bjóðum ykkur að fagna með okkur listinni og þeim margslungna leik sem lífi er!

Magnús Geir Þórðarson
Magnús Geir Þórðarson
Þjóðleikhússtjóri



**Þjóð
leik
húsið**



Widnokrag

SJÓNDEILDARHRINGURINN



Jólaböðid

JÓLABÖÐID



Blómin á þakinu

BLÓMIN Á ÞAKINU



SUND



LÁRA OG LJÓNSI
Jólásaga

LÁRA OG LJÓNSI - JÓLASAGA



IMPROV
ÍSLAND

IMPROV



ÓÐUR

GAMANÓPERUR ÓÐS



Á raudu ljósi.

Á RAUÐU LJÓSI



Settu saman þitt
leikár á leikhusid.is

Geysivinsælt
áskriftarkort fyrir
15-25 ára á fánlega
góðu verði! *Allt um það á bls. 38-39.*





ELTUM VÆÐRIÐ



HEIM




FROST



YERMA



TAKTU FLUGIÐ, BEIBÍ!



SAKNAÐARILMUR



ORÐ GEGN ORÐI



STORMUR

Því lífið er leikur með leikhúskorti!



30% afsláttur
af þremur eða fleiri sýningum
Veldu þínar sýningar

Ýmis fríðindi fylgja leikhúskortinu, sjá leikhusid.is.
Áminning með SMS berst þér nokkrum dögum fyrir sýningarnar þínar.

Ekkert mál að breyta á vefnum með 24 klst. fyrirvara með því að opna staðfestingarpóst sem sendur er í kjölfar miðakaupa.
Verð kortsins fer eftir miðaverði þeirra sýninga sem þú velur.



Settu saman þitt leikár á leikhusid.is



„...stórfengleg sýning“ RÚV



4 tilnefningar
Barnasýning ársins
Söngkona ársins
Leikari í aðalhlutverki
Leikari í aukahlutverki



2 tilnefningar
Sýning ársins
Söngkona ársins

Disneysöngleikurinn
Frost

Tónlist og söngtextar
 Kristen Anderson-Lopez og
 Robert Lopez
Handrit Jennifer Lee

Leikstjórn
 Gísli Örn Garðarsson

Dýðing: Bragi Valdimar Skúlason
Dans og sviðshreyfingar: Chantelle Carey
Tónlistarstjórn: Andri Ólafsson, Birgir Þórisson
Leikmynd: Börkur Jónsson
Búningar: Christina Lovery
Lýsing: Torkel Skjærven
Hljóðhönnun: Þóroddur Ingvarsson,
 Brett Smith

Ævintýrið sem allir elska heldur áfram

Söngleikurinn Frost heillaði unga sem aldna upp úr skónum á síðasta leikári og ævintýrið heldur nú áfram á Stóra sviðinu af fullum krafti! Spennandi, fyndin og falleg saga, leikhústöfrar og mögnuð tónlist!

Frost hlaut fjórar tilnefningar til Grímunnar, m.a. sem barnasýning ársins, og var tilnefnd sem sýning ársins á Sögum, verðlaunahátíð barnanna.

Söngleikurinn er byggður á hinni ástsælu Disneyteiknimynd Frozen og hefur notið mikilla vinsælda á Broadway, West End í London og víðar. Þetta hrifandi ævintýri birtist okkur hér í nýrri uppfærslu Gísla Arnar Garðarssonar, þar

sem einstakt vald hans á töfrum leikhússins nýtur sín til fulls. Sagan er innblásin af Snædrottningunni eftir sagnameistarann H.C. Andersen, og á þannig uppruna sinn á Norðurlöndum, en Gísli Örn setur sýninguna upp jafnframt í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Stórbrotin tónlistaratriði og bráðskemmtilegar persónur í nýjum söngleik þar sem þekkt og vinsæl lög hljóma í bland við fjölmörg ný lög sem eru samin sérstaklega fyrir söngleikinn.



Sannkallaðir leikhústöfrar!

Leikarar: Hildur Vala Baldursdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Kjartan Darri Kristjánsson, Almar Blær Sigurjónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Bjarni Snæbjörnsson, Ebba Katrín Finnsdóttir, Edda Arnljótsdóttir, Ernesto Camilo Aldazábal Valdés, Hallgrímur Ólafsson, Hilmar Guðjónsson, Eygló Hilmarsdóttir, Oddur Júlíusson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Sigurbjartur Sturla Atlason, Viktoría Sigurðardóttir, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Örn Arnason, Jóséfína Dickow Helgadóttir, Nína Sólrún Tamimi, Þórunn Eldey Stefánsdóttir, Emma Máney Emilsdóttir og fleiri.

Hljómsveit: Birgir Þórisson, Rögnvaldur Borgþórsson, Sólrún Mjöll Kjartansdóttir, Andri Ólafsson, Snorri Sigurðarson, Björg Brjánsdóttir, Haukur Gröndal, Sigrún Harðardóttir, Þórdís Gerður Jónsdóttir og fleiri.

Í samstarfi við Vesturport, Det Norske Teatret í Osló, Borgarleikhúsið í Stokkhólmi, Borgarleikhúsið í Helsinki og fleiri leikhús á Norðurlöndum. Sýnt með leyfi Disney Theatrical Productions. Söngleikur byggður á Disneykvikmyndinni Frozen eftir Jennifer Lee í leikstjórn Chris Buck og Jennifer Lee. Framuppfærslan á Broadway, í leikstjórn Michael Grandage, var framleidd af Disney Theatrical Productions.



„Töfrandi“

Morgunblaðið



Disney

FROST

SÖNGLEIKUR

© Disney



„Slappaðu af, við erum í útilegu, það á að vera gaman!“

Eltum veðrið

Handrit og leikstjórn
Leikhópurinn

Aðstoðarleikstjórn: Kjartan Darri Kristjánsson

Tónlist: Sváfnir Sigurðarson

Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: Þórhildur Sunna Jóhannsdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Myndband: Ásta Jónína Arnardóttir

Hljóðhönnun: Aron Þór Arnarsson

Útilegan þar sem allt fer í steik

Sannkölluð gleðisýning eftir drepfyndinn leikhóp Þjóðleikhússins

Skrautlegur vinahópur heldur í sína árlegu útilegu þar sem allt þarf að vera á sínum stað - rétta stæðið fyrir hjólhýsin, moðsteikta holulambið, sándboxið og allt hitt. En nú er samt ekkert eins og það var, því það vantar eina í hópinn. Hver og einn er með sínar hugmyndir um það hvernig eigi að bregðast við nýrri stöðu og hin árlega samkoma vinahópsins tekur óvænta og stórvarasama stefnu.

Veit Hjálmar um öskuna? Nær Guðrún að loka stóra málinu? Mun viðhafnarnámið nýtast Andra á toppnum? Þarf að fela vénið fyrir Rögnu? Og er David Clark allur þar sem hann er séður?

Bráðfyndið nýtt verk, samið af mörgum fremstu gamanleikurum þjóðarinnar úr leikhópi Þjóðleikhússins, unnið upp úr missönnum sögum af útilegum á Íslandi þar sem allt fer í steik.

Hér er unnið með list leikarans og samband hans við áhorfendur af hugmyndaauðgi, fjöri og hæfilegu kæruleysi, um leið og þjóðarsálin er krufin. Óborganlegar aðstæður sem við þekkjum öll – alltof vel.

Sýning um þjóðaríþrótt okkar Íslendinga: Að elta veðrið!

Leikarar: Eygló Hilmarsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Hallgrímur Ólafsson, Hildur Vala Baldursdóttir, Hilmar Guðjónsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Pröstur Leó Gunnarsson.

Höfundar, auk leikhóps: Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Kjartan Darri Kristjánsson, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir.



ELTUM VEDRIÐ



Er einhver nótt nógu
löng til að útkljá málin?

Heim

eftir Hrafnhildi Hagalín

Leikstjórn

Magnús Geir Þórðarson

Leikmynd og búningar: Filippía I. Elísdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Tónlist: Gísli Galdur Þorgeirsson

Hljóðhönnun: Aron Þór Arnarsson

Velkomin á jarðsprengjusvæði fjölskyldunnar

Móðirin er nýkomin heim eftir dvöl á heilsuhæli erlendis. Glæsileg veisla er haldin til að fagna heimkomunni. Faðirinn hefur alla þræði fjölskyldunnar í hendi sér – eftir því sem hann best veit – og dóttirin og sonurinn stíga dans á hárfínni línu sem þeim er ætlað að feta sig eftir. En eitthvað er ekki eins og það á að vera. Og ástandið er eldfimt. Voveiflegur atburður varpar skugga yfir fjölskylduna og teygir anga sína langt aftur. Þegar nágrannahjónin Elsa og Ellert banka upp á með öll sín vandamál kárnar gamanið og framundan er löng nótt.

Gráglettið fjölskyldudrama beint úr íslenskum samtíma um það sem kraumar undir niðri, það sem ekki er sagt, en einnig það sem hefði betur verið látið ósagt. Hrafnhildur Hagalín er eitt okkar virtasta leikskáld, en meðal fyrri verka hennar eru Ég er meistarinn, Hægan Elektra og Sek.

**Spennuþrungið og launfyndið nýtt verk
eftir eitt af okkar fremstu leikskáldum.**





HEM



Taktu flugið, beibi!
eftir Kolbrúnu Dögg Kristjánsdóttur

Leikstjórn og leikmynd
Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: Filippía I. Elísdóttir
Tónlist: Salka Valsdóttir
Lýsing: Ásta Jónína Arnardóttir
Hljóðhönnun: Brett Smith

Framtíðardraumar, hindranir, barátta og sigrar

Stúlka ákveður að taka þátt í skólahlaupinu. Hún hleypur af stað. Hún er ein af sætu og vinsælu stelpunum og ætlar að verða leikkona þegar hún verður stór. Hún byrjar að dragast aftur úr. Bilið stækkar á milli hennar og hópsins. Stúlkan blæs sápukúlur og speglar sig í þeim. Sápukúlurnar svífa upp í himininn og brot úr lífshlaupi hennar birtast.

Sögupersónan leiðir okkur í gegnum líf sitt sem manneskja með líkamlega skerðingu sem ágerist með aldrinum. Í fallegu, hvetjandi og áhrifamiklu verki, þar sem tónlist, myndlist og dansi er fléttað saman við frásögnina, fylgjumst við með

baráttu fyrir framtíð, sjálfstæði og réttindum, og leit að ást og tengslum. Taktu flugið, beibi! er einstök saga sem á erindi við okkur öll, saga um framtíðardrauma, ást, fjölskyldu og sigra.

Leikritið er byggt á persónulegri reynslu og lífshlaupi höfundarins, Kolbrúnar Daggar, sem tekur þátt í sýningunni. Hún hefur lokið námi af sviðshöfundabraut LHÍ og meistaranámi í ritlist við HÍ, og er þetta fyrsta leikverk hennar sem sett er á svið í atvinnuleikhúsi.

**Heillandi nýtt íslenskt verk,
byggt á persónulegri reynslu.**



**Taktu
flugid,
beibí!**



Eitthvað verður að breytast!

Orð gegn orði (Prima Facie)
eftir Suzie Miller

Leikstjórn
Þóra Karítas Árnadóttir

Þýðing: Ragnar Jónasson
Leikmynd og búningar: Finnur Arnar Arnarson
Tónlist: Gugusar
Lýsing: Jóhann Friðrik Ágústsson
Myndbandshönnun: Ásta Jónína Arnadóttir
Hljóðhönnun: Kristján Sigmundur Einarsson



Grímutilnefning
Leikkona ársins

Þessa sýningu verður þú að sjá!

Orð gegn orði (Prima Facie) sló í gegn með eftirminnilegum hætti á síðasta leikári og var verkið sýnt yfir 50 sinnum fyrir fullu húsi, fyrst í Kassanum og svo á Stóra sviðinu. Viðbrögð við sýningunni voru með eindæmum sterk og ákafar umræður sköpuðust um efni hennar í samfélaginu, enda erindi verksins afar brýnt. Ebba Katrín Finnsdóttir var tilnefnd til Grímunnar fyrir leik sinn í þessum magnaða verðlaunaeinleik.

Tessa er ungur og metnaðarfullur lögmaður, hámenntuð og eitursnjöll, sem hefur tekist að klífa hratt upp metorðastigann. Hún vinnur hvert málið á fætur öðru, með framúrskarandi þekkingu sinni á lagabókstafnum, ver sakborninga af fimi og prófar vitni með úthugsuðum spurningum. Skyndilega verður ófyrirsjáanlegur atburður í einkalífi hennar til þess að allt sem virtist svo borðleggjandi sýnist

ekki eins einfalt og skýrt og áður, og hún neyðist til að taka hugmyndir sínar og viðhorf til gagngerrar endurskoðunar.

Orð gegn orði er margverðlaunað, nýtt verk sem sló í gegn á West End og Broadway, eftir að hafa unnið til leikritunarverðlauna Ástralska rithöfundasambandsins. Verkið hlaut Olivier-verðlaunin árið 2023, auk þess sem sýningin hlaut fjölda tilnefninga til Olivier-verðlaunanna og Tony-verðlaunanna.



**Verðlaunaverk sem heldur
þér í heljargreipum.**

Leikari: Ebba Katrín Finnsdóttir.

ORÐ



Morgunblaðið

„...leiksigur sem lengi
verður í minnum
hafður..“ TMM

GEGN

ORÐI





*Þegar vonin er svo skær
að hún blindar okkur.*

Yerma

eftir Simon Stone, byggt á verki
Federico García Lorca

Leikstjórn

Gísli Örn Garðarsson

Þýðing: Júlía Margrét Einarsdóttir

Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Þórhildur Sunna Jóhannsdóttir

Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Hljóðhönnun: Brett Smith

Kraftmikið nútímaverk sem slegið hefur í gegn

Hún er kona í blóma lífsins, sjálfsörugg og opinská, eldklár, ákveðin og óhefluð. Henni gengur vel í starfi sínu og er að flytja inn í nýtt hús með manninum sem hún elskar. Það er bara eitt sem vantar – barn. Kærastinn er til í það og það er ekki eftir neinu að biðja. En það sem virðist svo eðlilegur hluti af lífinu reynist ekki sjálfsagt. Eftir því sem biðin lengist virðist einhver ofursterkur kraftur ná sífellt öflugri tökum á henni. Löngun verður að þrá, þráin að þráhyggju og smám saman missir hún tökin. Hvernig bregst kona við þegar lífið verður ekki við hennar heitustu bón?

Yerma er í senn leiftrandi, áleiðið og átakanlegt nútímaverk sem hefur slegið rækilega í gegn. Leikritið er byggt á samnefndu meistaraverki Federico García Lorca frá árinu 1934 sem gerist í spænsku sveitasamfélagi. Höfundur leikritsins, hinn heimspektti leikhúsmaður Simon Stone, flytur atburðarásina inn í borgarsamfélag samtímans og frumkraftarnir í verkinu birtast okkur í nýju ljósi.

Gísli Örn Garðarsson leiðir hér saman einstaklega sterkan hóp leikara í fádæma kraftmiklu verki. Það er óhætt að lofa magnaðri kvöldstund.

**Hversu langt er manneskjan
reiðubúin að ganga til að fá
óskir sínar uppfylltar?**



„Sannkallað afrek“ – *The Times*

„Ótrúlega kraftmikil endurgerð á þekktu meistaraverki“ – *The Independent*

„Fullkomlega nútímalegt“ – *The Guardian*



Yerma



Viðburðarík saga íslenskrar fjölskyldu í 100 ár.

Jólaboðið

Handrit: Gísli Örn Garðarsson og Melkorka Tekla Ólafsdóttir, byggt á verki Tyru Tønnessen, Julemiddag

Leikstjórn

Gísli Örn Garðarsson

Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Helga I. Stefánsdóttir

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson

Tónlist: Salka Sól Eyfeld, Tómas Jónsson

Hljóðhönnun: Kristján Sigmundur Einarsson

Dramatúrg: Melkorka Tekla Ólafsdóttir

„...kitlar vel hláturtaugar áhorfenda og tekst að segja frá 20. öldinni á dramatískan og hjartnæman hátt.“ RÚV

Stórskemmtileg sýning sem gleður og yljar

Jólaboðið hefur heillað áhorfendur Þjóðleikhússins á aðventunni á fyrri leikárum. Nú býðst okkur enn á ný að fylgjast með sögu íslenskrar fjölskyldu með því að gægjast inn í stofu á aðfangadagskvöld, reglulega, á einnar aldar tímabili.

Við fylgjumst með fjölskyldunni koma saman á jölunum, á ólíkum tímum, og upplifum með henni umrót heillar aldar; seinni heimsstyrjöldina, breytingar í sjávarútvegi, hippatímabilið, tæknivæðingu þjóðfélagsins og um leið vandræði fjölskyldunnar við að laga sig að breyttum háttum og innbyrðis venjum. Fjölskyldan reynir að halda í hefðirnar en hin óhjákvæmilega framrás tímans setur hlutina úr skorðum og vekur sífellt nýjar spurningar og ný átök.

Sprellfjörug og frumleg en um leið hjartnæm sýning þar sem leikararnir leika ólíkar persónur á ýmsum aldurs skeiðum – og leikhópurinn breytist ár frá ári.



List og töfrar leikarans heilla okkur öll á aðventunni

Leikarar 2024: Ebba Katrín Finnsdóttir, Edda Arnjóltsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Oddur Júlíusson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Próstur Leó Gunnarsson, Örn Árnason.

Handritið er byggt á verki Tyru Tønnessen, Julemiddag, sem er innblásið af The Long Christmas Dinner eftir Thornton Wilder.

Jólaböðid





„...sálarskúrandi reynsla...
þvílík snilld!“ TMM



4 Grímuverðlaun

Sýning ársins
Leikrit ársins
Leikkona ársins
Tónlist ársins

Sýning ársins snertir okkur öll

Saknaðarilmur fékk hreint magnaðar viðtökur á síðasta leikári og hlaut Grímuverðlaunin fyrir sýningu ársins, leikrit ársins, leikkonu ársins í aðalhlutverki og tónlist ársins. Alls hlaut sýningin átta Grímutilnefningar. Nokkrum aukasýningum hefur verið bætt við í nóvember og desember. Þessa sýningu verða allir að sjá!

Þegar fullorðin skáldkona missir móður sína er komið að stóra uppgjörinu. Nú fyrst er hún tilbúin að horfast í augu við erfiða æsku sína, föðurmissi, geðveikina, ástina og sturlað lífshlaup sitt. Af hverju náðu þessar tvær konur aldrei sambandi, þó að þær hafi deilt öllu lífi sínu, og reynt að horfast í augu í gegnum sorgir og sigra? Verkið er áhrifarík saga af lítilli, draumlyndri stúlku sem verður að manísku skáldi, ástföngnum fíkli og stórskemmtilegum sögumanni. Hún er brotin, beitt og brjáluð. Geta áföll gert okkur veik? Erfist þjáning á milli kynslóða?

Sigurgangan heldur áfram!

Saknaðarilmur
eftir Unni Ösp Stefánsdóttur,
byggt á bókum
Elísabetar Jökulsdóttur

Leikstjórn
Björn Thors

Leikmynd: Elín Hansdóttir
Búningar: Filippía I. Elísdóttir
Tónlist: Ólöf Arnalds, Skúli Sverrisson
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson
Hljóðhönnun: Skúli Sverrisson,
Aron Þór Arnarsson, Ólöf Arnalds
Sviðshreyfingar: Margrét Bjarnadóttir

Magnaður efniviður Elísabetar Jökulsdóttur öðlast nýtt líf á leiksviðinu í meðförum sama listræna teymis og skapaði tímamótasýninguna Vertu úlfur. Einstaklega áhrifamikil sýning, gædd sjónrænum töfrum, um viðkvæm en brýn málefni sem snerta okkur öll.

Sýningar á Akureyri
í mars.





Morgunblaðið



Heimildin

SAKNADAR ILMUR



*Stórbrotin ástarsaga,
mögnuð tónlist,
undurfögur augnablik.*

Stormur

eftir Unu Torfadóttur og Unni
Ösp Stefánsdóttir

Tónlist

Una Torfadóttir

Leikstjórn

Unnur Ösp Stefánsdóttir

Tónlistarstjórn: Hafsteinn Práinsson

Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: María Th. Ólafsdóttir

Lýsing: Ásta Jónína Arnardóttir

Hljóðhönnun: Kristján S. Einarsson, Þóroddur Ingvarsson

Þorum, lifum, elskum – núna!

Vinahópur sem er að útskrifast úr menntaskóla stendur á tímamótum sem eru í senn spennandi og ógnvænleg. Hver er ég og hver vil ég vera? Get ég sagt skilið við fortíðina og byrjað lífið upp á nýtt? Þori ég að taka stökkið og fylgja hjartanu, alla leið?

Elísabet er ung tónlistarkona sem er undir mikilli pressu að reyna að ljúka við sína fyrstu plötu í kjölfar þess að lag sem hún sendi frá sér varð óvænt vinsælasta lag ársins. Hluti vinahópsins er með henni í hljómsveit og sumarið eftir útskriftina leigja vinirnir saman æfingahúsnæði til að klára plötuna, fíflast saman og ríghalda í tilfinninguna að vera ung og frjáls aðeins lengur. Elísabet áttar sig smám saman á því að hún er ástfangin af Helgu vinkonu sinni og við tekur átakamikið ferðalag þar sem Elísabet þarf að ákveða hvort hún eigi að þora að segja Helgu hug sinn og kannski hætta á að missa hana fyrir fullt og allt. En um leið og gleðin er í hámarki hjá vinunum er eins og jörðin byrji að gliðna undir fótum þeirra.

Fyrri leikverk Unnar Aspar Stefánsdóttur í Þjóðleikhúsinu, verðlaunaverkin Vertu úlfur og Saknaðarilmur, hafa hreyft rækilega við leikhúsgestum og heillað þá, en í þeim hefur hún beint sjónum að mikilvægum málefnum í samtíma okkar. Nú vinnur hún með einni fremstu tónlistarkonu landsins af ungu kynslóðinni, Unu Torfadóttur, og þær semja í sameiningu nýjan söngleik sem fjallar á beinskeyttan hátt um ungt fólk á Íslandi í dag. Stórvinsæl lög Unu Torfa hljóma í bland við ný og grípandi lög.

Una Torfadóttir kom eins og stormsveipur inn í íslenskt tónlistarlíf fyrir tveimur árum. Hver smellurinn á fætur öðrum hefur náð miklum vinsældum og hrifið fólk á öllum aldri. Nýjasta plata hennar, Sundurlaus samtöl, hefur fengið frábærar viðtökur.

Glenýr söngleikur sem talar til ólíkra kynslóða um fyrstu stóru tímamót lífsins.

Leikarar: Birta Sólveig Söring Þórisdóttir, Ebba Katrín Finnsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Hildur Vala Baldursdóttir, Iðunn Ösp Hlynsdóttir, Jakob van Oosterhout, Kjartan Darri Kristjánsson, Marínó Máni Mabazza, Salka Gústafsdóttir, Sigurbjartur Sturla Atlason, Una Torfadóttir.

Hljómsveit: Hafsteinn Práinsson, Sólrún Mjöll Kjartansdóttir, Tómas Jónsson, Vignir Rafn Hilmarsson.

STORMU.R





Ungu leikararnir í Stormi, sem bættast við leikhóp Þjóðleikhússins: Birta Sólveig Söring Þórisdóttir, Iðunn Ösp Hlynisdóttir, Marínó Máni Mabazza, Jakob van Oosterhout, Salka Gústafsdóttir og Una Torfadóttir.

Þráin eftir því að tilheyra og fá að vera maður sjálfur

Una Torfadóttir hefur á skömmum tíma náð að hrífa hjötu landsmanna og verða einn af okkar vinsælustu tónlistarmönnum. Færri vita kannski að hún hefur haft brennandi áhuga á leikhúsi frá unga aldri, sem kemur sér vel þegar hún stígur á Stóra sviðið í vetur sem leikkona í burðarhlutverki í söngleiknum Stormi sem hún er meðhöfundur að.

„Ég hef verið heilluð af leiklist rétt eins og tónlist allt frá bernsku,“ segir Una og horfir út um gluggann yfir Arnarhól þar sem hún situr á fjórðu hæð í Þjóðleikhúsinu ásamt dramatúrgum hússins, en miðborgin er einmitt eitt helsta sögusvið nýja söngleiksins. „Tónleikasalurinn og leikhúsið, þetta eru skyldir heimar.“

Lék Riff í West Side Story

Leikhúsaáhrifin réð til dæmis för þegar Una valdi menntaskóla. „Ég tók virkan þátt í sýningum Herranætur, leikfélags MR. Það var í raun hápunktur menntaskólagöngu minnar,“ segir hún og nefnir hlutverk á borð við Riff í West Side Story, Þórdísi Súrsdóttur í Gísla sögu og stórhugann Mark úr söngleiknum RENT. „Mér leið eins og ég hefði fundið mína hillu, að finna rafmagnað andrúmsloftið milli sviðsins og áhorfenda var stórkostlegt.“

Viðbrigði að vera ávörpuð sem listamaður

Una var ung farin að velta fyrir sér hlutverki listanna í víðu samhengi. „Markmiðið er alltaf að hreyfa við áhorfendum, vera skýr, taka afstöðu, spyrja spurninga, og það er svo fallegt að gera það með stórum hópi fólks sem kemur saman til að búa til listræna yfirlýsingu.“ Pankar af þessu tagi bærðust í kalli Unu þegar hún stundaði nám á sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands. „Námið var í senn áhugavert,

skemmtilegt, krefjandi og þroskandi, og það voru mikil viðbrigði að vera allt í einu ávörpuð sem listamaður.“

Ákvað að gefa hausnum pásu

Una lauk þó ekki náminu vegna alvarlegra veikinda, en hún greindist með krabbamein. „Ég ákvað að gefa hausnum smá pásu. Það reyndist mjög krefjandi, og andlega erfitt, að vera í listrænu námi og krabbameinsmeðferð í senn.“ Um þetta leyti söðlaði Una um og nam klæðskurð í Tækniskólanum. „Pá var ég að stefna á búningagerð fyrir leikhús, handverk og listir.“ Hún var í starfsnámi við Þjóðleikhúsið að vinna sem „dresser“ þegar leiðir hennar og Unnar Aspar Stefánsdóttur lágu saman, en Unnur er einmitt hinn höfundur söngleiksins Storms og helsta samstarfskona Unu um þessar mundir.

Greip kjólinn hennar Unnar

Þegar Una og Unnur hittust fyrst fór Unnur með annað aðalhlutverkið í sýningunni Framúrskarandi vinkonu í Þjóðleikhúsinu. „Þetta var löng sýning, og Unnur var stöðugt að skipta um búninga, þannig að það var nóg að gera við að hjálpa henni í og úr búningum,“ segir Una brosandi. „Hún þurfti til dæmis að fara úr kjól á sviðinu, koma honum út af og ég var tilbúin baksviðs að grípa kjólinn þegar hann flaug út af.“ Einlægnin er í fyrirrími hjá Unu og það á líka við þegar hún hrósar meðhöfundi



sínum. „Unnur er svo dásamleg manneskja, hún sýndi mér strax áhuga og við náðum vel saman,” segir Una. „Það var ekki fyrr en seinna að hún komst að því að ég fengist við tónlist.”

Pólitískur og reiður unglingur

Una var reyndar snemma farin að sameina áhuga sinn á skáldskap, tónlist og leiklist. Strax í hæfileikakeppni grunnskólanna, Skrekk, fundu áhorfendur fyrir því að hún hefur mikið að segja. „Ég var mjög pólitískur unglingur. Full af réttlátri reiði,” segir Una. „Vinkonur mínar vildu taka þátt í Skrekk og við vorum sammála um að við ætluðum að gera eitthvað sem skipti máli.” Úr varð hið eftirminnilega atriði Elsku stelpur, kraftmikið og femínískt ljóð úr smíðju Unu sem flutt var af henni og öflugum dansflokki þeirra vinkvænna. „Við vildum nota þennan vettvang til að láta í okkur heyra.”

Reiðin tekur sinn toll

Stuttu síðar var Una farin að taka þátt í réttindabaráttu af ýmsu tagi, meðal annars sem ræðuhaldari á Austurvelli í kvennaverksfallinu, aðeins sextán ára gömul. „Það var mikill skóli að læra á þetta form, ræðulistina, og hvernig maður getur hreyft við fólki með orðum. En á tímabili var reiðin farin að taka toll af mér. Þegar ég fór meira inn í tónlistina og skáldskapinn, fannst mér eins og það gæti verið mín leið til að láta til mín taka og hafa áhrif í gegnum fegurð en ekki bara reiði.”

Langar að benda á það sem við eigum sameiginlegt

Markmiðið núna er að reyna að auka við fegurðina í heiminum og gera hann að betri stað. „Mig langar að benda á það sem er fallett, það sem við eigum öll sameiginlegt, og minna okkur á að það er meira sem við eigum sameiginlegt en aðskilur okkur.” Una tekur undir að kannski sé þetta ferðalag sem margir listamenn fari í, hver með sínum hætti. „Maður byrjar á því að spyrna sér frá, taka plássíð sitt, sparka í yfirvöld, kerfið. Svo smám saman fer maður að sjá betur hvað allt er marglaga.”

Fann huggun í sköpun

Sagan í söngleiknum Stormi er innblásin af tónlist og textum Unu og fjallar um ungt fólk sem á stundum erfitt með að tala um tilfinningar og leyfa sér að vera það sjálft. Sumar persónurnar leita djúpt í myrkrið en höfundur er hugleikið hvernig við getum fundið birtuna og gleðina í lífinu. „Ég þekki það af eigin raun að glíma við depurð, kvíða og tilvistarkreppur,” segir Una. „Á einhvern hátt er það réttur manns sem ung manneskja að fá að vera kærulaus og líða eins og maður sé ódauðlegur. Þegar ég veiktist var ég slegin út af laginu, en mitt í allri vanlíðaninni fann ég svo mikla huggun í sköpun. Þannig geta lagasmíðar og listir verið mikil heilsabót. Sálfræðingar tala um að maður eigi að gefa tilfinningum sínum rými og ég veit enga betri leið til þess en að semja lag – og þá aðeins um eina tilfinningu í senn. Ef þú vilt semja gott popplag er best að lagið sé um eitthvað eitt.”

„Ég hélt mig væri að dreyma”

Þegar Unnur Ösp, þessi margreynda leikhúskona, bar undir hina ungu tónlistarkonu hvort þær gætu skrifað söngleik saman, þá stóð ekki á viðbrögðunum. „Ég vissi eiginlega ekki hvort ég ætti að hlæja eða gráta, svo hamingjusöm og þakklát var ég,” segir Una. „Ég hélt mig væri að dreyma.” Una hafði reyndar viðrað þá hugmynd við vini sína að það væri gaman að skrifa söngleik einn daginn. „Unnur var stressuð yfir því að ég hefði kannski ekki áhuga, vissi ekki hvort ég fílaði söngleiki. En ég hafði svo sannarlega áhuga!”

Við höfum öll staðið á þessari bjargbrún

Þegar Unnur Ösp lýsti fyrir Unu hugmynd sinni að verki um ungt fólk á krossgötum sumarið eftir menntaskóla, varð Una upptendruð. „Ég held að líf mitt hafi aldrei verið eins spennandi og á þessum tímamótum,” segir Una og tengir þannig við persónur verksins. „Útskriftardagurinn er í mínum huga eins og bíómynd. Þetta eru svo stór tímamót, líkt og að standa á bjargbrún.” Öll höfum við með einhverjum hætti staðið á slíkri bjargbrún og þannig ættu flestir að geta sett sig í spor persónanna. „Mér finnst gaman að við fáum öll að fara aftur inn í þennan tíma, upplifa á ný hvað pressan var mikil, óttinn, eftirvæntingin, kvíðinn, ruglið, misskilningurinn – og hvað ástin var yfirþyrmandi! Þetta er ótrúlega spennandi sögusvið, það er eitthvað svo tragískmískt við þennan tíma.”

Frelsið sem Una fékk ekki sjálf að upplifa

Sagan um persónur á þessum tímamótum er á köflum eins og fantasía um frelsið sem Una fékk svo ekki sjálf að upplifa. „Persónurnar í verkinu eru að nálgast títugt, sem í mínu tilfalli er sá tími þegar ég veiktist. Það er gaman fyrir mig að prófa að fara aftur til þessa tíma á öðrum forsendum, fá að ímynda mér hvernig hlutirnir hefðu getað verið öðruvísi.”

Tónlistin sem landsmenn þekkja best eftir Unu er einmitt að miklu leyti samin þegar hún er á þessum aldri. „Tilfinningakrísurnar sem ég var að ganga í gegnum eru í þessum textum, öll höfnunin, það sem manni fannst svo erfitt,” segir Una og bætir við að tilfinningar eigi það til að flækjast með aldrinum. „Þær eru svo tærar þegar maður er yngri og það er hollt fyrir okkur öll að fara inn í skáldskap um unglina, og rifja upp unglinginn í okkur.” Markhópur verksins er einmitt unglingurinn í okkur öllum, sama á hvaða aldri við erum núna. Áhorfendur fá líka að heyra nýja tónlist eftir Unu í söngleiknum en aðspurð kveðst hún á þessum tímamótum vera skotnust í nýju lagi sem ber titilinn Sólmyrkvi. „Mér finnst það ná utan um mjög erfiðar tilfinningar með fallegum hætti.”

Þráin kallar fram það besta og það versta

Þemu verksins eru mörg en kjarninn í sögunni er ástin. „Og þráin eftir því að tilheyra, fá að vera maður sjálfur, vita hver maður er og hvað þráin er sterk og mikil. Það getur kallað fram það besta og versta í okkur.” Tímamótin sem fjallað er um skapa togstreitu innra með persónunum. „Maður er að teygja út alla anga til að halda í vini sína, allt það sem maður þekkir, en á sama tíma ætlar maður líka að umbreytast, verða maður sjálfur, verða fullorðinn. Þetta er dramatískt, svo stórt, svo magnað.”

Una er kerlingin og Unnur er unglingurinn

Verkaskipting höfundanna er á þá leið að Unnur semur handritið og Una tónlistina, en þó í nánu og skemmtilegu samtali sem fer ýmist fram á kaffihúsi, við borðstofuborðið heima hjá Unni eða í leikhúsinu. „Í okkar listræna samstarfi er ég svolítið kerlingin og hún unglingurinn,” segir Una hlæjandi. „Ég er að toga hana niður á jörðina.” Höfundarnir eiga það sameiginlegt að vera tilfinningaríkar og hrifnæmar manneskjur. „Við vorum báðar dramatískir og „sentimental” unglingar, og erum í raun enn. Okkur finnst áhugavert að stúdera tilfinningar og glímuna við geðrænt ójafnvægi og sorg.”





Skyldi kýrin þora í lyftuna?

Blómin á þakinu

Handrit: Agnes Wild, Eva Björg
Harðardóttir, Sigrún Harðardóttir
Byggt á bók eftir Ingibjörgu
Sigurðardóttur og Brian Pilkington

Leikstjórn

Agnes Wild

Leikmynd, búningar og brúðugerð: Eva Björg Harðardóttir

Tónlist: Sigrún Harðardóttir

Ástsæl og sígild saga - nú loks á leiksviði

Undurfalleg og heillandi ný leiksýning fyrir yngstu börnin, byggð á bók sem hefur notið mikilla vinsælda allt frá því að hún kom fyrst út árið 1985. Barnabókin Blómin á þakinu hefur unnið sér sess sem sígild perla innan íslenskra barnabókmennta.

Þegar Gunnjóna þarf á gamals aldri að flytja úr sveitinni sinni í borg stendur hún frammi fyrir ýmsum áskorunum sem fylgja því að aðlagast nýjum heimkynnum. Í fjölbylishúsinu sem hún flytur í býr forvitið barn sem fylgist með óvenjulegum aðferðum gömlu konunnar við að búa sér nýtt heimili, enda er engu líkara en Gunnjóna ætli að flytja sveitina með sér til borgarinnar.

„Bara ömmur
mega fara upp á þak.“

Listrænir aðstandendur sýningarinnar, þær Agnes, Eva Björg og Sigrún, hafa getið sér gott orð fyrir hrifandi barnasýningar á vegum leikhópsins Miðnættis og hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir framlag sitt til barnamenningar. Þjóðleikhúsið hefur nú fengið þessar þrjár listakonur til að skapa nýja barnasýningu þar sem hugmyndafluginu og leikgleðinni er gefinn laus taumur.

Aldursviðmið: 2ja-8 ára.



Leikarar: Edda Arnljótsdóttir, Örn Arnason og fleiri.

Blómin á þakinu





*Við opnum töfraheim
leiklistarinnar fyrir börnum
og unglingum!*

Þjóðleikhús unga fólksins

Við kveikjum áhuga á leikhúsinu og nærum ástriðu nýrra kynslóða með fjölbreyttum og vönduðum leiksýningum fyrir börn á öllum aldri. Við aukum aðgengi ungs fólks og ólíkra hópa að leikhúsi, m.a. með boðssýningum fyrir skólabörn og skoðunarferðum um leikhúsið.

Börnum um allt land boðið á leiksýningar

Þjóðleikhúsið býður hópum skólabarna að sjá leiksýningar og kynnast töfraheimi leikhússins. Leikhúsið tekur á móti hópum sem koma í heimsókn en ferðast einnig um landið með sýningar sínar og vinnustofur. Leiksýningar í skólum á næstu árum miða að því að öll börn sem útskrifast úr grunnskóla hafi þrisvar á skólagöngu sinni, á ólíkum námsstigum, séð leiksýningu á vegum Þjóðleikhússins. Á liðnu ári ferðaðist leikhúsið með leikskólasýninguna Ég get um allt land og í vetur mun miðstig grunnskóla fá að sjá nýja leiksýningu, byggða á geysivinsælum bókum um Orra óstöðvandi og Möggu Messi.

Skoðunarferðir fyrir skólahópa

Þjóðleikhúsið býður upp á skoðunarferðir um leikhúsið fyrir skólahópa til að gefa þeim kost á að kynnast töfraheimi leikhússins og fræðast um bygginguna, störfin baksviðs og sögu leikhússins. Einnig er tekið á móti nemendum í starfskynningu.



SJAÐU MEIRA

UM SÝNINGUNA

„afbragðskynning
á töfrum leikhússins.“

Morgunblaðið

Ég get

eftir Peter Engkvist

Leikstjórn

Björn Ingi Hilmarsson

Búningar: Leila Arge

Lýsing: Hermann Karl Björnsson

Hljóðmynd: Kristinn Gauti Einarsson

Ég get

Dásamleg sýning fyrir leikskólabörn

Ég get er ljóðræn leiksýning um það sem er mitt, þitt og okkar – en hún hlaut á sínum tíma tilnefningu til Grímuverðlaunanna. Börnum í elstu deildum leikskóla er boðið að kynna töfraheimi leikhússins og sjá þessa hrífandi leiksýningu með kennurum sínum. Sýningar verða í Reykjavík á leikárinu.



Leikarar: Ernesto Camilo Aldazábal Valdés, Víktoría Sigurðardóttir.



SÍÐU MEIRA

UM SÝNINGUNA

„...krúttleg tæp klukkustund
í góðum félagsskap þar
sem leikhústöfrar svífa yfir
leiksviðinu eins og snjókorn.“

Fréttablaðið

Lára og Ljónsi – jólasaga

Jólaævintýri eftir
Birgittu Haukdal og Góa

Leikstjórn

Guðjón Davíð Karlsson

Saga: Birgitta Haukdal

Leikgerð: Guðjón Davíð Karlsson

Leikmynd og búningar: María Th. Ólafsdóttir

Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason

Tónlist: Birgitta Haukdal

Hljóðhönnun: Elvar Geir Sævarsson


Myndbandshönnun: Signý Rós Ólafsdóttir

Lára og Ljónsi – jólasaga

Geysivinsæl sýning á aðventunni

Leiksýning byggð á vinsælum bókum Birgittu Haukdal um Lára og Ljónsa, sem hefur nú yljáð ungum sem eldri áhorfendum um hjartaræturnar á aðventunni þriðju-ár í röð. Sýningar hafa selst upp á svipstundu!

Aldursviðmið: 2ja til 6 ára.





Orri óstöðvandi
eftir Bjarna Fritzson

Leikstjórn og leikgerð
Vala Fannell

Tónlist: JóiPé og Króli (Jóhannes
Damian R. Patreksson,
Kristinn Óli S. Haraldsson)

Leikmynd: Hildur Eivallía Unnarsdóttir
Búningar: Ásdís Guðný Guðmundsdóttir

ORRI

ÓSTÖÐVANDI



Ævintýri Orra óstöðvandi og Möggu Messi

Ný sýning byggð á geysivinsælum bókum um Orra óstöðvandi og vinkonu hans Möggu Messi eftir Bjarna Fritzson. Orri er ungur drengur sem breytir sér í ofurhetjuútgáfuna af sjálfum sér, Orra óstöðvandi, þegar hann þarf á hugrekki og sjálfstrausti að halda. Orri og Magga lenda í alls konar ævintýrum, hversdagslegum jafnt sem ótrúlegum, og eru uppátækjum þeirra engin takmörk sett.

Sýningin ferðast um landið á vormisseri og verður sýnd fyrir miðstig grunnskóla.

Tónlistartveykið vinsæla, JóiPé og Króli, semur tónlist fyrir sýninguna.



Gréta Kristín Ómarsdóttir, Davíð Þór Katrínarson, Unnsteinn Manuel Stefánsson og Jónmundur Grétarsson, höfundar verksins Lukku.

Kraftmikið höfundastarf

Þjóðleikhúsið leggur mikla áherslu á að efla íslenska leikritun og styður höfunda á öllum aldri og með ólíkan bakgrunn. Við tökum handrit og hugmyndir að leikritum á ólíkum vinnslustigum til skoðunar og köllum reglulega eftir leikritum af ólíku tagi.

Verk í þróun

Nú eru í þróun mörg verk eftir ólíkra höfunda, m.a. Kristínu Eiríksdóttur, Tyrfing Tyrfingsson og Odd Júlíusson. Leikhúsið er einnig með í þróun nýjan söngleik eftir Hafstein Níelsson og Óliver Þorsteinsson, Söngleikinn Ormstungu.

Síðastliðin tvö ár hefur hópur listamanna unnið að þróun nýs verks, Lukku, í Þjóðleikhúsinu. Hópurinn hefur aflað heimilda, gert listrænar tilraunir og samanburðarrannsóknir og skoðað líkurnar á því að eiga gott líf sem litaður Íslendingur. Í sýningunni birtast okkur ótrúlegar og óþægilega algengar sögur og frásagnir. Verkið er eftir Davíð Þór Katrínarson, Jónmund Grétarsson, Unnsteinn Manuel Stefánsson og Grétu Kristínu Ómarsdóttur, en hún leikstýrir jafnframt sýningunni sem frumsýnd verður á leikárinu 2025-2026. Myndin á síðunni er frá þróunartíma verksins.

Vinnustofa höfunda

Við bjóðum völdum höfundum sem eru að þróa spennandi verk vinnuaðstöðu í Þjóðleikhúsinu í vetur. Höfundar fá aðstöðu í Þjóðleikhúsinu í 1-2 mánuði í senn og býðst að eiga samtál við dramaturga og annað listafólk hússins.

Á þessu leikári munu höfundar af Gula dreglinum, þau Friðgeir Einarsson, Hildur Selma Sigbertsdóttir og Kolfinna Nikulásdóttir nýta vinnustofuna, en einnig leikskáldin Egill Andrason, Eva Rún Snorradóttir og Birnir Jón Sigurðsson.

Heyrðu í okkur

Handrit, hugmyndir að leikritum eða óskir um vinnustofu má senda á leikritun@leikritun.is.



Guli dregillinn

Fagnið með okkur á nýrri leikritahátíð Þjóðleikhússins!

Þrjú glæný og spennandi leikrit verða frumflutt af stjórnuteymi leikara á glæsilegri vorhátíð sem nefnist Guli dregillinn og fagnar íslensku leikhúsi og skáldunum sem skrifa fyrir sviðið.

Þrjú kvöld í röð flytjum við ný íslensk leikrit eftir höfunda sem segja hrifandi sögur og eiga mikilvægt erindi við leiksviðið. Handritin lifna við með æfðum leiklestri fyrir áhorfendur, við ræðum við höfundana um lífið og listina og höldum partí í lok hátíðar.

Nælið ykkur í hátíðarpassa og verið með okkur þegar við drögum fram Gula dregilinn!

HILDUR SELMA SIGBERTSDÓTTIR

Hildur Selma sér nútímann í sinni ýktustu mynd, hvort sem það er persónunum til góðs eða ekki. Þarna fara saman núvitund og brask, einlægni og hryllingur, leit að tilgangi í yfirborðskennendum heimi. Bæði stóru leikhúsin hafa valið stutt leikverk eftir Hildi til sviðsetningar en á Gula dreglinum sjáum við hana glíma við formið í fullri lengd. Hildur býr í Hlíðunum ásamt sambylismanni og tveimur dætrum þar sem hana sundlar reglulega af ást, á milli þess sem hún þvær ógrynni af þvotti og stelst ein í sund til að hlera samtöl í pottinum.

KOLFINNA NIKULÁSDÓTTIR

Kolfinna hefur sannað sig í leikstjórástólnum hér í Þjóðleikhúsinu en hún er líka sannkallaður tuddi við lykllaborðið, lesendum og áhorfendum til mikillar hrifningar. Verk hennar The Last Kvöldmáltíð var í senn tryllingsleg heimsendaspá og fjölskyldusaga þar sem samfélag, siðferði og meira að segja okkar ylhýra móðurmál voru að hruni komin. Hún er líka stundum kölluð „Kylfan“ og þá sérstaklega þegar hún tekur upp hljóðnema, en hvort sem hún er að rappa, leikstýra eða skrifa handrit ólgar óvæginn kraftur í verkum Kolfinnu.

FRÍÐGEIR EINARSSON

Sýn Friðgeirs á hversdagsleikann er í senn næm, nöpur og hlægileg. Þetta sjáum við í skáldsögum hans og fjöldanum öllum af sviðslistaverkum sem hann hefur skapað, bæði með leikhópnum Kriðpleiri og upp á eigin spýtur. Hann hefur fyrir löngu sannað sig sem einn fremsti sviðslistamaður sinnar kynslóðar með sýningum á borð við Club Romantica, þótt aðferðirnar séu ekki alltaf eins og leikhúsgestir eiga að venjast, enda mörkin milli persónu og leikanda ekki alltaf skýr. Á Gula dreglinum skrifar hann fyrir leikhóp Þjóðleikhússins í fyrsta sinn.



SKÍTHRÆDD

Grátbroslegur söngleikur um óttann

Skíthrædd - Konan sem var full af skít og hrædd við vindinn er tragíkómískur söngleikur eftir Unni Elísabetu Gunnarsdóttur sem deilir hér persónulegum sögum úr lífi sínu. Hún hefur glímt við hina ýmsu kvilla í gegnum tíðina, ekki síst lífhræðslu og margskonar furðuleg ofnæmi. Hún býr yfir ofurnæmni sem hefur bæði hjálpað henni í lífinu og þvælst fyrir henni. Unnur Elísabet leikur, dansar og syngur sig í gegnum hræðsluna og nýtir tónlist til að klífa skelfilegustu fjöllin.

Leikkona, höfundur, tónlistarkona: Unnur Elísabet Gunnarsdóttir.
Tónlistarfólk: Annalísa Hermannsdóttir, Halldór Eldjárn.
Framkvæmdastjórn: Kristín Ósk Sævarsdóttir.

GAMANÓPERUR Í NÁVÍGI

Óperuformið í nýju ljósi

Sviðslistahópurinn Óður hefur slegið í gegn í Kjallaranum með nýstárlegum og bráðskemmtilegum sýningum á gamanóperunum Ástardrykknum, Don Pasquale og Póst-Jóni. Í vetur gefst færi á að sjá tvær af þessum vinsælu sýningum, Ástardrykkinn í uppfærðri gerð og nýjustu sýninguna, Póst-Jón. Hvort sem þú ert einlægur óperuunnandi eða hefur aldrei farið á óperusýningu getur þú sannarlega skemmt þér konunglega við hrifandi tónlist, sprell og fjör.

Flytjendur: Þórhallur Auður Helgason, Sólveig Sigurðardóttir, Ragnar Pétur Jóhannsson, Áslákur Ingvarsson. Leikstjórn: Tómas Helgi Baldursson.
Tónlistarstjórn: Sævar Helgi Jóhannsson.

GRÍNKJALLARINN

Standandi brandarar á fimmtudögum

Uppistand er nú þegar orðið þjóðarþrótt íslenskra brandarasmiða og þess vegna breytum við Kjallaranum í alvöru grínbúllu í vetur. Grínstjórar Kjallarans hita upp og kynna úrvalslið íslenskra uppistandara á fimmtudagskvöldum. Þú heyrir alltaf nýtt grín í Grínkjallaranum.

Grínstjórar: Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir, Hugleikur Dagsson, Stefán Ingvar Vigfússon, Þórdís Nadia Semichat.

WORKSHOPS - VINNUSMIÐJUR

Opnar mánaðarlegar vinnusmiðjur sem fara fram á ensku
Open workshops on Saturdays,
once a month from Sept to May, in English

R.E.C. Arts Reykjavík will continue to host their free creative & educational community workshops in Kjallarin, open to those aged 18+. These workshops are first and foremost a place for people of minority backgrounds & communities (People of Color, LGBTQIA+, Disabled, Immigrant, Refugee etc.) who wish to have their voices heard and share their stories. They are also open to ALL folks who are interested in learning, sharing, and collaborating with the community. The space and bathrooms are fully wheelchair accessible. To register, please email recartsrvk@gmail.com.

Klassabúllan í Kjallaranum

Suðupottur fyrir nautnaseggi!

Kjallarin

Undir Stóra sviðinu kraumar í suðupottinum og þegar-lokið er tekið af spretta fram nautnaseggir, grínistar, stórsöngvarar, spunameistarar, dragdrottningar og öll þau sem vilja hlæja hátt. Í Kjallaranum er hver sýning ólík annari og fjölbreytlegt listafólk tekur við keflinu á hverju kvöldi. Taktu drykkina með þér inn í sal og slepptu fram af þér beislinu í gleðinni!

Listrænn stjórnandi: Matthías Tryggvi Haraldsson.



KJALLARA-KABARETT

Seint og sveitt á föstudagskvöldum

Kjallararotturnar og næturlífisnautnaseggirnir lýsa upp svartasta skammdegið alla föstudaga frá nóvember og út febrúar. Á síðasta leikári var fullt á nánast allar sýningar. Burlesque, kabarett, sirkus, drag og „alls konar fullorðins“ fyrir fólk sem hlær hátt! Sýningarnar eru allar ólíkar og yfir fjörutíu listamenn víðsvegar að koma fram yfir veturinn. Vinsamlega athugið að sýningarnar eru svo sannarlega bannaðar börnum og henta ekki þeim sem óttast undur mannlíkamans.

Listrænar stjórnendur: Margrét Erla Maack og Gógó Starr.

IMPROV ÍSLAND

Sýning öll miðvikudagskvöld

Spunasýningar Improv Ísland hafa glatt áhorfendur í Kjallaranum frá árinu 2016 og fjöldi gesta kemur aftur og aftur, enda eru engar tvær sýningar eins. Hver sýning er frumsýning og lokasýning á brakandi fersku gríni sem verður til á staðnum. Spunaleikarar skiptast á að sýna ólík spunaform í hverri viku, ásamt þjóðþekktum gestum.

Listrænn stjórnandi: Hákon Örn Helgason.



SIÐU MEIRA



UM KJALLARANN

House of Revolution

Menningarkokteill – fjögur fjölbreytt kvöld í vetur

Þjóðleikhúsið býður listafólki með ólíkan bakgrunn, úr ólíkum menningarkimjum að láta ljós sitt skína í Kjallaranum, líkt og á síðasta leikári. Listafólkið sem stígur á stokk tilheyrir gróskumiklum og fjölbreyttum hópi listafólks sem býr hér á Íslandi. Komdu og njóttu sannkallaðs menningarkokteils sem endurspeglar hina ótalmörgu, fögru, óséðu króka og kima íslensks samfélags. Upplifðu einstakan og fjölbreyttan listflutning, meðal annars trommuleik, uppistand, drag, söngleikjaatriði, ljóðaslamm, dans frá ýmsum heimshornum, búrlesk, spuna, söng, hljóðfæraleik og frásagnarlist, fjölbreytt atriði flutt og samin af listafólki sem tilheyrir jaðar- og minnihlutahópum af einhverju tagi. Sýningarnar eru að mestu á ensku en önnur tungumál fá einnig að hljóma. Við endum hverja sýningu með hljómsveit eða DJ og danspartíi. Þetta er annað árið sem Þjóðleikhúsið fær R.E.C. Arts Reykjavík til að sinna listrænni stjórn verkefnisins fyrir leikhúsið, en viðburðurinn sló í gegn í fyrra og var tilnefndur til sérstakra hvatningarverðlauna Grímunnar.

Laugardagskvöld 5. okt., 16. nóv.,
8. feb., 5. apríl. Þú getur valið
þitt miðaverð.



Artist-Activist collective R.E.C. Arts Reykjavík will curate four "Performance Parties" during the theatre season 2024-2025, showcasing the abundance of diverse professional artists who call Iceland home. Come and experience a culture shake which holds a mirror up to all the beautiful unseen edges of Icelandic society. Experience one-of-a-kind performances, including but not limited to live drumming, stand-up comedy, drag performances, musical theatre, slam poetry, dance crews and cultural dances, burlesque, improv, singers & musicians and storytelling; all performed and curated by artists of minority backgrounds and communities. Performances are primarily in English and may include acts in various languages as well. Every show finishes with a live band or DJ and we keep the vibes alive with a dance party! This is the second year that the National Theatre of Iceland has engaged R.E.C. Arts Reykjavík to handle the artistic direction of the project for the theatre – and the event was a great success last year, and was nominated for the Grimman Motivation Award.

Variety Shows - Performance Parties Saturdays Oct. 5, Nov. 16, Feb. 8, Apr. 5. Ticket prices are on a sliding scale for financial accessibility.



SJÁDU MEIRA

UM SÝNINGUNA

Á rauðu ljósi

eftir Kristínu Þóru Haraldsdóttur

Tæknistjórn og aðstoðMímír Bjarki Pálmason
Krummi Kaldal Jóhannsson
Sigurður Elí Haraldsson

Stína slf. í samstarfi við Þjóðleikhúsið

Á rauðu ljósi

Stressaðu þig upp með Stínu!

Einleikur Kristínar Þóru Haraldsdóttur í Kjallaranum hefur notið gífurlegra vinsælda og seldust yfir 50 sýningar upp á síðasta leikári. Boðið verður upp á aukasýningar á þessari bráðfyndnu og hjartnæmu sýningu í vetur.

Á rauðu ljósi er einnar konu sýning sem er blanda af uppistandi, einleik og einlægni. Kristín Þóra fer um víðan völl í verkinu og tekur fyrir á ferskan hátt stress, streitu, seiglu, aumingjaskap og dugnað.

Gamansýning um stressið sem fylgir því að vera manneskja. Verið hress, alltaf með stress, bless.

Gamansýning um stress sem hefur slegið í gegn





Hefðbundið áskriftarkort fyrir 15-25 ára sem vilja bóka fyrirfram

Þótt opna áskriftarkortið sé hagstæðasta leiðin fyrir þau sem vilja stökva til og næla sér í laus sæti þegar þeim hentar og koma oft, þá skiljum við vel að margir á þessum aldri vilji gjarna velja sýningarar strax og taka dagsetningar frá með fyrirvara. Ekkert mál! Fyrir þau bjóðum við upp á hefðbundið leikhúskort sem gildir á þrjár sýningar eða fleiri og þá fæst sérstakur ungmennaafsláttur, 50% afsláttur af fullu miðaverði.

Áskriftarkort
fyrir 15-25 ára


Sjáðu allt
- eins oft og þú vilt



Opið áskriftarkort á fáránlega
góðu verði, 1.450 kr. á mánuði!

Þú getur séð allar uppsetningar Þjóðleikhússins
og mátt koma aftur og aftur!

- Geysivinsælt áskriftarkort fyrir 15-25 ára.
- Áskrift í 10 mánuði.
- 1.450 kr. á mánuði.
- Þú bókar miða samdægurs.
- Þú getur komið aftur og aftur á allar uppsetningar Þjóðleikhússins.
(Gildir ekki á sýningar í Þjóðleikhúskjallaranum eða samstarfssýningar.)
- Gildir aðeins fyrir eiganda kortsins.



Leikhússkóli Þjóðleikhússins stofnaður

Þjóðleikhúsið hefur stofnað nýjan leikhússkóla, sem býður upp á einstakt tækifæri fyrir ungt fólk á aldrinum 18-22 ára til að kynna sér leikhúsið frá ólíkum hliðum og efla færni sína.

Leikhússkólinn býður upp á faglega eins árs leikhúsmenntun, þar sem nemendur kynna sér hin ólíku störf í leikhúsinu, meðal annars hönnun leikmynda, búninga, lýsingar og hljóðs, sýningarstjórn, leikritun og leiklist. Nemendur öðlast þannig víðtæka þekkingu á listforminu og fá tækifæri til að kynnast sjálfum sér sem listafólki og styrkja sýn sína, færni og áhuga. Námið er einstaklingsmiðað og byggist á því að virkja sjálfstæða hugsun nemenda í skapandi samvinnu með leiðsögn frá kennara, í faglegu umhverfi. Í gegnum námið mynda nemendur leikhóp þar sem þau taka að sér ólík störf út frá áhugasviði sínu. Hópurinn vinnur að sýningu yfir veturinn,

samhliða námskeiðum og fræðslu, sem í lok vetrar verður sýnd á fjöllum Þjóðleikhússins. Auglýst er eftir umsóknum á vormisseri og hefur umsóknarferli vegna fyrsta skólaársins þegar farið fram. Á myndinni má sjá hluta af nemendahópnum.

Skólastjóri og aðalkennari er Vala Fannell. Auk Völu kemur listafolk úr Þjóðleikhúsinu að kennslunni, m.a. kennir Ilmur Stefánsdóttir leikmyndahönnun, Filippía I. Elísdóttir búningahönnun, Björn Bergsteinn Guðmundsson ljósaönnun, Brett Smith hljóðhönnun, Elísa Sif Hermannsdóttir sýningarstjórnun og Matthías Tryggvi Haraldsson handritaskrif.

MEIRA UM



LEIKHÚSSKÓLANN



Umræður, fræðsla og textun

Við opnum heim leikhússins og bjóðum upp á fræðslu af ólíku tagi

- Umræður með þátttöku listamanna eftir 6. sýningu á uppfærslum leikhússins fyrir fullorðna.
- Textun á ensku og íslensku á 7. sýningu verka á Stóra sviðinu.
- Leikhússkóli Þjóðleikhússins fyrir ungt fólk.
- Skoðunarferðir um leikhúsið.
- Námskeið í sviðstækni fyrir áhugaleikfélög.
- Námskeið í samstarfi við Endurmenntun HÍ um Þjóðleikhúsið og leiksýninguna Yermu, sjá nánar á endurmenntun.is.

Skoðunarferðir

Þjóðleikhúsið býður upp á skoðunarferðir um leikhúsið fyrir hópa til að gefa þeim kost á að fræðast um leikhúsið og starfsemi þess, auk sérstakra skoðunarferða fyrir almenning þar sem áhugasamir einstaklingar geta komið og kynnst töfraheimi leikhússins. Dagsetningar skoðunarferða má finna á heimasíðu leikhússins þar sem jafnframt er hægt að bóka þær.

Sviðs- og tækninámskeið fyrir áhugaleikfélög og leikfélög framhaldsskóla

Þjóðleikhúsið styður við starfsemi áhugaleikfélaga og framhaldsskólaleikfélaga landsins með námskeiðahaldi. Boðið verður upp á fjögur námskeið á leikárinu, í ljósaönnun, hljóðhönnun, leikmyndahönnun og búningahönnun. Námskeiðin eru tvær klukkustundir hvert. Þátttakendum býðst að fara á leiksýningu samdægurs í Þjóðleikhúsinu og taka þátt í umræðum við fagfólk eftir sýningu.



„Sýningin Sund umvefur mann mjúklega og skilar manni glöðum, heitum og endurnærðum út.“ RÚV

Sund

eftir Birni Jón Sigurðsson og leikhópin

Leikstjórn

Birni Jón Sigurðsson

Tónskáld: Friðrik Margrétar-Guðmundsson

Sviðshreyfingar: Andrean Sigurgeirsson í samstarfi við leikhópinn

Leikmynd og búningar: Kristinn Arnar Sigurðsson

Lýsing: Fjölur Gíslason

Aðstoðarleikstjórn: Birta Ásmundsdóttir

Framleiðandi: Kara Hergils, MurMur Productions

Fersk og frískandi sýning að vori

Sund er bráðskemmtilegt nýtt íslenskt verk sem fjallar um sundmenningu okkar Íslendinga með myndum og frumlegum hætti. Á sviðinu er sundlaug og leikarar bregða sér í hlutverk sundgesta sem hlera samtöl annarra í pottinum, sóla sig, sprikla í kvöldsundi, skella sér í gufuna og kalda pottinn. Sundlaugar eru musteri okkar Íslendinga og nú fær laugin sjálf að bregða sér á fjalir leikhússins.

Leikhópurinn Blautir búkar frumsýndi Sund í Tjarnarbíói við frábærar undirtektir á síðasta leikári. Sýningin hlaut tvær tilnefningar til Grímuverðlauna, fyrir hljóðmynd og dans- og sviðshreyfingar ársins. Nú verður sýningin unnin áfram og endurfrumsýnd í Þjóðleikhúsinu, og leikari úr Þjóðleikhúsinu, Örn Árnason, bætist í hópinn.



Flytjendur: Andrean Sigurgeirsson, Erna Guðrún Fritzdóttir, Eygló Hilmarsdóttir, Friðrik Margrétar-Guðmundsson, Kjartan Darri Kristjánsson, Þórey Birgisdóttir, Örn Árnason.

Blautir búkar í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Verkefnið er styrkt af Sviðslistasjóði.

SWIM





HEIMSÓKN

eftir Hildi Selmu Sigbertsdóttur

Spennandi leikrit eftir eitt af okkar efnilegustu ungskáldum. Móðir hefur boðað uppkomin börn sín á fund til að ræða ákveðin mál. Þau mæta hins vegar með sinn eigin ásetning og eiga ýmislegt óþuggert við móður sína. Og hún við þau.

„...ég hvet fólk til að nýta sér þennan dásamlega kost í hádeginu: Klukkutími og maður fær nærandi súpu og brauð og heila leiksýningu!“ TMM



Súpa og sýning

Hádegisleikhús í endurnýjuðum Leikhúskjallara hefur vakið mikla ánægju leikhúsgesta en þar sjá gestir ný, íslensk leikrit yfir léttum og ljúffengum hádegismat.

Húsið er opnað kl. 11.30 og matur er borinn fram á bilinu 11.45-12.10. Leiksýningin hefst kl. 12.20 og tekur tæpan hálf tíma. Gestum er sannarlega velkomið að sitja áfram eftir sýningu.



**25 mín.
leiksýning
og léttur
hádegisverður**

Gómsæt súpa og
nýbakað brauð

Frábært fyrir vinnustaði!

LeikstjórnÞórunn Arna Kristjánsdóttir

Listaháskóli Íslands í samstarfi við Þjóðleikhúsið.

Útskriftarsýning LHÍ

Útskriftarsýning leikaranema í Þjóðleikhúsinu

Útskriftarsýning leikaranema sviðslistadeildar
Listaháskóla Íslands í samstarfi við Þjóðleikhúsið.
Ellefu nemendur útskrifast með BA-gráðu í sviðslistum
af leikarabroti vorið 2025 eftir að hafa lokið þriggja
ára leikaranámi.

Útskriftarnemar vorið 2025: Elva María Birgisdóttir,
Guðjón Ragnarsson, Helga Salvör Jónsdóttir,
Hrafnhildur Ingadóttir, Ingi Þór Þórhallsson, Katla
Þórudóttir Njálsdóttir, Kristinn Óli Sigrúnarson
Haraldsson, Mímír Bjarki Pálmason, Salka
Gústafsdóttir (ekki í sýningunni en leikur í Stormi),
Stefán Kári Ottósson, Sólbjört Sigurðardóttir.



Leikhús á ferð og flugi

Vertu úlfur til Póllands

Erlent samstarf

Samstarf Þjóðleikhússins og Stefan Žeromski leikhússins í Kielce í Póllandi er margbætt og felur m.a. í sér gestasýningar á báða bóga. Þjóðleikhúsið heldur nú í leikferð til Póllands með eina af ástsælustu leiksýningum síðari ára, Vertu úlfur. Stefan Žeromski leikhúsið er meðal elstu leikhúsa Póllands og nýtur mikillar virðingar. Samstarfsverkefnið er stutt af Uppbyggingarsjóði EES.

Þjóðleikhúsið á í gjöfulu samstarfi við ýmsa fremstu leikhúslíamenn heims og leikhús víða í Evrópu. Þar má nefna Benedict Andrews, Marius von Mayenburg, Yaël Farber, Ninu Wetzel, Pussy Riot, Stefan Žeromski leikhúsið, Simon McBurney og Complicité. Þjóðleikhúsið frumflutti þrileik hins þekktu þýska leikskálds Mariusar von Mayenburg, Ellen B., Ex og Ekki málið, sem vann til fjölda Grímuverðlauna.



Leikið verður á pólsku, en sýningin verður textuð á ensku og íslensku.

Performances in Polish, captioning in English and Icelandic.

Przedstawienie w języku polskim z islandzkimi i angielskimi napisami.



Sjóndeildarhringurinn

The Horizon - Widnokrag

Samstarfsleikhús Þjóðleikhússins í Póllandi, Stefan Żeromski leikhúsið, sýnir gestasýningu á Stóra sviðinu byggða á þektri pólski skáldsögu. Meðal leikara í sýningunni er Tomasz Kot, einn þekktasti leikari Pólverja. Innsetning eftir Oskar Sadowski verður sett upp í leikhúsinu í tengslum við sýninguna.

Skáldsagan Sjóndeildarhringurinn eftir Wiesław Myśliwski þykir meðal fegurstu skáldsagna Pólverja, en í henni er sveitaborpið í sögumiðju. Sagan er öðrum þræði sjálfsævisöguleg, en um leið er hún óður til ákveðins staðar og tíma. Höfundurinn horfir til fortíðar og um leið og hann beinir kastljósinu að sögu fjölskyldu sinnar bregður hann upp mynd af smábæ á tímum síðari heimsstyrjaldar og allt til loka tuttugustu aldar. Í sýningunni er fjallað um ljúfsára fortíðarþrá eftir bændamenningu sem nú er liðin undir lok.

Leikarar: Tomasz Kot, Wojciech Niemczyk, Edward Janaszek, Joanna Kasperek, Janusz Głogowski, Beata Wojciechowska, Dawid Żłobiński, Aneta Wirzinkiewicz, Łukasz Pruchniewicz, Dagna Dywicka, Zuzanna Wierzińska, Anna Antoniewicz, Beata Pszeniczna, Ewelina Gronowska, Jacek Mąka, Mirosław Bieliński, Andrzej Plata, Artur Staboń, Andrzej Cempura, Teresa Bielińska, Jakub Marks/Kacper Malicki/Jan Wiech.

The task of presenting the play The Horizon at the National Theater of Iceland with accompanying activities was subsidized by the Ministry of Culture and National Heritage of Poland within the framework of the Inspiring Culture programme.

Sjóndeildarhringurinn
byggt á skáldsögu eftir Wiesław Myśliwski

Leikstjórn
Michał Kotański

Leikgerð: Radosław Paczocha
Leikmynd: Magdalena Musiał
Búningar: Kornelia Dzikowska
Tónlist: Lubomir Grzelak
Sviðshreyfingar: Szymon Dobosik
Myndbandshönnun: Jakub Lech
Lýsing: Damian Pawella

Stefan Żeromski Theatre in Poland presents a guest performance on the Main Stage based on the novel The Horizon by Wiesław Myśliwski, which is considered one of Poland's most beautiful novels. The guest performance is part of an extensive artistic collaboration between the National Theatre of Iceland and the Stefan Żeromski Theatre in Kielce, Poland. Among the actors in the show is Tomasz Kot.

Zespół polskiego Teatru im. Stefana Żeromskiego w Kielcach zaprezentuje gościnnie na głównej scenie spektakl pt. „Widnokrag” w reżyserii Michała Kotańskiego oparty na jednej z najbardziej znanych powieści Wiesława Myśliwskiego. Przedstawienie jest częścią kilkuletniej ścisłej współpracy pomiędzy Narodowym Teatrem Islandii a Teatrem Żeromskiego. Na scenie wystąpi m.in. jeden z najpopularniejszych polskich aktorów - Tomasz Kot. Przedstawienie w języku polskim z islandzkimi i angielskimi napisami.



Þjóðleikhúsið og landsbyggðin

Boðssýningar fyrir börn og unglina

Þjóðleikhúsið fer í leikferðir um landið og stendur fyrir sýningarhaldi, meðal annars með skólasýningum fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í vetur verður miðstigi grunnskóla boðið að sjá glænýja leiksýningu, Orra óstöðvandi eftir Bjarna Fritzon í leikstjórn Völu Fannell. Veturinn 2025-2026 verður ný sýning fyrir efsta stig grunnskóla frumsýnd, en hún ber nafnið A+B og leikstjóri er Oddur Júlíusson.

Leikferð með Saknaðarilm

Haldið verður í leikferð til Akureyrar á leikárinu með leiksýninguna Saknaðarilm sem hlotið hefur magnaðar viðtökur.

Áhugasýning ársins

Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins er valin á hverju leikári og sýnd í Þjóðleikhúsinu á vordögum í samstarfi við Bandalag íslenskra leikfélaga. Félagar í áhugaleikfélögum landsins geta jafnframt sótt námskeið í sviðstækni í Þjóðleikhúsinu.






Ljúffeng upplifun fyrir öl skynfæri!

Fjölbreyttar veitingar fyrir sýningar eða í hléi

Þú getur pantað veislubakka eða aðrar veitingar fyrirfram þegar þú kaupir leikhúsmiðann, í miðasölu eða í gegnum vefinn, með að lágmarki 12 klst. fyrirvara. Sjáðu veitingar í boði á leikhúsid.is. Hópurinn þinn getur borið fram sérstakar óskir um veitingar. Að auki getur þú að sjálfsögðu keypt fjölbreytt úrval drykkja og veitinga þegar þú mætir í leikhúsið.

Leikhúsgestir geta bætt dýrindis veitingum við í miðakaupaferli



Ef þú hefur þegar keypt miða og vilt bæta veitingum við þá gerir þú eftirfarandi:

Skref 1

Opnaðu bókunarstaðfestingu sem þér barst í tölvupósti eftir miðakaup og smelltu á „Skoða bókun.“

Skref 2

Smelltu á „Panta veitingar“ og bættu við pöntunina þína öllu sem hugurinn girnist.

Athugið að pantanir þurfa að berast í síðasta lagi 12 klst. fyrir sýningu.



VEITINGAR FYRIR HÓPA

Hópurinn þinn getur borið fram sérstakar óskir um veitingar.

Sendu okkur línu á midasala@leikhusid.is

Gjafakort

Tilvalin gjöf fyrir þau sem þér þykir vænt um



Gjafakort Þjóðleikhússins er ávísun á ógleymanlega kvöldstund! Þau sem þú vilt gleðja velja sér þá leiksýningu sem þau eru spenntust fyrir. Hægt er að auka við gjöfina með veitingum fyrir sýningu og í hléi. Einnig er hægt að velja tiltekna upphæð til að setja á gjafakortið. Þú getur keypt gjafakortin okkar vinsælu á vefnum eða í síma 551 1200.

Frábær gjöf fyrir starfsmannahópinn

Gjafakort í Þjóðleikhúsið er tilvalin gjöf fyrir starfsmannahópinn. Hægt er að fá tilboð á gjafakortum fyrir hópinn þinn með því að senda póst á midasala@leikhusid.is.

Miðasala og aðgengi

Miðasala leikhússins á netinu er alltaf opin. Miðasalan í leikhúsinu er opin virka daga kl. 14-18, um helgar kl. 12-18 og fram að sýningu sýningardaga.

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða og lyfta: Stóra sviðið og Kjallarinn; bílastæði fyrir framan aðalbyggingu við Hverfisgötu og lyfta austan megin. Kassinn; bílastæði og lyfta fyrir framan húsið við Lindargötu. Tónmökvar fyrir Stóra sviðið fást afhentir í veitingasölu. Táknmálsaðgengi að ákveðnum sýningum.

Afslappað sýningarhald

Boðið verður upp á svokallaðar „afslappaðar sýningar“ (relaxed performances) í vetur á völdum verkum leikhússins, sem auglýstar verða sérstaklega. Á slíkum sýningum er hugað að þeim sem eru skynsegin (neurodivergent) og geta verið viðkvæmir fyrir ýmiss konar skynáreiti.



Aðventustund Þjóðleikhússins

Skemmtileg jóladagskrá fyrir aldraða sem hefur notið mikilla vinsælda. Leikarar fara um borgina og gleðja þá sem eiga óhægt um vik að skella sér í leikhús. Í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Þjóðleikhúsblaðið, leikárið 2024 - 2025

Útgefandi: Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhússtjóri: Magnús Geir Þórðarson

Ábyrgðarmaður: Jón Þorgeir Kristjánsson

Ritstjórn: Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Magnús Geir Þórðarson, Jón Þorgeir Kristjánsson, Matthías Tryggvi Haraldsson

Hönnun og útlit: Kontor

Ljósmyndir: Ari Magg, Atli Thor, Ásta Jónína Arnardóttir, Jón Guðmunds, Jorri, Owen Fiene og fleiri

Prentun: Prentmet-Oddi

Þjóðleikhúsið, Hverfisgötu 19

Miðasala: 551 1200, midasala@leikhusid.is, www.leikhusid.is

Fylgdu okkur!



Facebook
Þjóðleikhúsið



Instagram
Leikhusid



Póstlistinn
leikhusid.is/postlisti



Vefurinn
leikhusid.is

Þjóðleikhúsið 75 ára

Þér er boðið í afmælisveislu!

Á 75 ára afmælisári Þjóðleikhússins, 2025, lítum við til framtíðar og hleypum af stokkunum tveimur verkefnum til að efla íslenskt leikhúslíf enn frekar:

Guli dregillinn

Leikritahátíð Þjóðleikhússins, vorhátíð sem fagnar íslensku leikhúsi og skáldunum sem skrifa fyrir sviðið.

Leikhússkóli Þjóðleikhússins

Einstakt tækifæri fyrir ungt fólk á aldrinum 18-22 ára til að kynna sér leikhúsið og efla færni sína.

Og svo höldum við auðvitað upp á afmælið með veislu!

Afmælisveisla

Þjóðinni er boðið í afmælisveislu á Menningarnótt 2025, með kökum, skemmtiatriðum og ljóri!



Pjöö
leik
húsið

Miðasala | 551 1200 | midasala.leikhusid.is | leikhusid.is